

# EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR ehf Hvalfjörður



|                            |                     |                         |                             |
|----------------------------|---------------------|-------------------------|-----------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 5.11.2014           | <b>Fulltrúi UST</b>     | Eva Dögg Kristjánsdóttir    |
| <b>Fyrirtæki</b>           | GMR ehf             | <b>Fulltrúi UST</b>     | Katrín Hilmarsdóttir        |
| <b>Heimili</b>             | Tangavegi 7         | <b>Tegund eftirlits</b> | Reglubundið seinna eftirlit |
| <b>Kennitala</b>           | 5406101930          | <b>Flokkur</b>          | Verksmiðja                  |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Haraldur Thorlacius | <b>ÍSAT nr.</b>         |                             |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |                     | <b>Staðsetning</b>      |                             |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik frá starfsleyfi komu fram hjá starfseminni og gerð er ein athugasemd.

## UMFANG EFTIRLITS

Það er kominn nýr tengliður hjá fyrirtækinu við Umhverfisstofnun. Haraldur Thorlacius mun sinna því hlutverki.

Búið er að malbika hluta af rekstrarsvæði og koma fyrir olíuskilju fyrir allt frárennsli frá húsi. Aðkoman að fyrirtækinu er mun snýrtillegri en áður.

Búið er að framkvæma SO<sub>2</sub> mælingar. Blái strompurinn er nú í 22mg/Nm<sup>3</sup> að sögn rekstraraðila en beðið er niðurstaðna fyrir stærri strompinn. Díoxín reyndist líka undir mörkum í mælingunum skv. rekstraraðila en Umhverfisstofnun hafa ekki borist umrædda mæliniðurstöður. SO<sub>2</sub> mælist nú töluvert lægra en í síðustu reglubundnu mælingu, rekstraraðili segir þetta skýrast að efnainnihaldi kola og skauta sem þeir taka við til endurvinnslu.

Hávaðamæling hefur ekki verið framkvæmd en er á döfinni og búið er að fá tilboð í verkið. Í grein 3.1 í starfsleyfi segir að hávaðamæling skuli framkvæmd fyrir árslok 2014.

Skráningum er enn ábótavant. Skráningarblöð eru til en notkun þeirra hefur ekki verið innleidd.

Spurt var um öryggisblöð og að sögn rekstraraðila þá eru til öryggisblöð fyrir öll efnin, en líkt og með skráningarnar þá hefur verklag varðandi þetta ekki verið innleitt en illa gekk að finna til öryggisblöðin meðan á eftirlitsheimsókninni stóð. Öryggisblöð eiga að vera uppfærð og ávallt aðgengileg þeim sem vinna með efnin.

GMR ber að taka þátt í sameiginlegri vöktun iðjuvera á Grundartanga, en samningar um slíkt eru ekki frágengnir.

Rætt var um rykmengun frá fyrirtækinu en síuhúsið virðist ekki ráða nógu vel við hreinsunina. Þetta á sérstaklega við um þegar verið er að kveikja á ofninum. Rekstraraðili hyggst skipta út síupokum úr hreinsivirkinu og telur að með því að taka inn síupoka á grind mundi afköst síuhússins aukast. Þann 29. ágúst sl. barst kvörtun vegna þessa. Þann 25. nóvember áttu fulltrúar Umhverfisstofnunar leið á Grundartanga og var þá mikil rykmengun sjáanleg úr reykháfi. Rannsóknir gefa til kynna að rykmengun í útblæstri verður rétt sjáanleg við 100mg/Nm<sup>3</sup>, sú mengun sem barst úr reykháfi þennan dag var sjáanleg langt að og voru myndir teknar því til staðfestingar. Magn ryks í útblæstri var því augljósleg langt umfram þau 20mg/Nm<sup>3</sup> sem eru heimil í útblæstri skv. grein 2.6 í starfsleyfi. Þar að auki barst ryk undan þakjárnri byggingarinnar, svo ljóst er að það ryk sem fellur til við starfsseminna er ekki allt leitt í gegnum afsog og reykhreinsivirki líkt og kveðið er á um í grein 2.4 í starfsleyfi.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

3.2 Skráningar

Skráningar eru ekki í samræmi við grein 3.2 í starfsleyfi. Skráningarblöð eru til en ekki í notkun.

2.15 Öryggisblöð

Öryggisblöð fyrir þau efni sem eru meðhöndluð í verksmiðjunni eru til að sögn rekstraraðila en ekki aðgengileg þar sem illa gekk að finna þau meðan á eftirlitsheimsókn stóð. Öryggisblöð eiga að vera uppfærð og aðgengileg.

## 2.6 Hámarkslosun í útblæstri

Þann 25. nóvember sl. var mikil rykmengun sjáanleg úr reykháfi. Ryk í útblæstri er almennt ekki sjáanlegt fyrr en við  $100\text{mg}/\text{Nm}^3$ , sú mengun sem barst úr reykháfi þennan dag var sjáanleg langt að og voru myndir teknar því til staðfestingar. Magn ryks í útblæstri var því augljósleg langt umfram þau  $20\text{mg}/\text{Nm}^3$  sem eru heimil í útblæstri

## 2.4 Rykmengun vegna hráefna, hjálparefna og dreifð rykmengun

Þann 25. nóvember barst einnig ryk undan þakjárnri verksmiðjuhússins, svo ljóst er að það ryk sem fellur til við starfsseminna er ekki allt leitt í gegnum afsog og reykhreinsivirki líkt og kveðið er á um í grein 2.4 í starfsleyfi.

### **ATHUGASEMDIR**

Straumteinar frá álveri voru staðsettir á lóð, en þá skal ávallt geyma innandyra.

### **ANNAÐ**

Eftirfarandi frávik kom fram við eldra eftirlit og er enn útistandandi:

Frávik frá grein 2.6:  $\text{SO}_x$  mældist  $142,7\text{ mg}/\text{Nm}^3$  í síðustu mælingu og er það yfir leyfilegum mörkum.

Reykjavík, 28.11.2014

*Eva Dögg Kristjánsdóttir*

Eva Dögg Kristjánsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.